



Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,50% af hús- og lóðarmati

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðamati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,65% af hús- og lóðamati

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,25% af hús- og lóðarmati. Rotþróargjald er lagt á fasteignir sem tengjast rotþróum og fer gjaldtakan eftir stærð þeirra.

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 7.900 kr. á hektara, að lágmarki 10.550 kr.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 24.200,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 24.200,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 24.200,-

Reglur um afslátt fasteignaskatts 2022.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósba 1. desember 2021.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 62.000,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2020 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.930.000 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur yfir..... kr. 5.250.000 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 5.250.000 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur yfir..... kr. 7.250.000 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur útreiknaðum afslátti ársins.

6. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

7. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

8. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2022.

Gjalddagar álagðora fasteignagjalda umfram kr. 25.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október & 1. nóvember. Gjalddagi álagðora fasteignagjalda undir kr. 25.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2022. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og skal senda beiðni um þar á netfangið blonduos@blonduos.is. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduósbæjar í síma 455 4700.

Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 14. desember 2021.

Sveitarstjóriinn a Blönduósi, 30. desember 2021

Valdimar O. Hermannsson

